

125. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 15. febrúar 2010, kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Björgvin Ólafsson, Hermundur Pálsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Borgarbraut 4, viðbygging við Grunnskóla Stykkishólms.
Lagðar fram tillögur af viðbyggingu við Grunnskólann í Stykkishólmi samkvæmt teikningum frá Arkitektarstofu OG, dags. 2.02.2010. Heildarstærð viðbyggingar er samtals 1546 m², þar af er stærð 1. áfanga 819 m².
Nefndin tekur jákvætt í tillögurnar.
2. Smiðjustígur 2a, byggingarleyfi, ofanábygging.
Guðmundur Jón Sigurðsson kt. 060672 4239 sækir um að byggja ofan á íbúðarhúsið við Smiðjustíg nr.2 a, sbr. teikningar frá Hjörleifi Sigurþórssyni/ Brynjari Davíðssyni dags. 10.01.'10. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar liggur fyrir.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn samkvæmt 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, fyrir eigendum eftirtalinna húsa: Austurgötu nr. 1, 3, 5, 6, 7 og 9 og fyrir Smiðjustíg nr. 2 og 3.
3. Hesthúsabyggð, reiðskemma.
Sæþór Þorbergsson og Lárus Ástmar Hannesson sækja um f.h. Hesteigendafélags Stykkishólms að staðsetja reiðskemmu suðaustan við æfingasvæði félagsins sbr. myndir og bréf dags. 13.02.210.
Nefndin samþykkir að kynna erindið fyrir eigendum Hjallatanga nr. 11 og 34 og Móholts nr. 6, 8 og 10.
4. Aðalgata 5, breyta íbúð í skrifstofuhúsnæði.
Davíð Kr. Pitt sækir um f.h. Marz sjávarafurðir ehf, að breyta íbúðarhúsnæði á efri hæð hússins við Aðalgötu 5 (gamla pósthúsið), í skrifstofuhúsnæði sbr. teikningar dags. 12.02.2010.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
5. Hafnargata, umferðarmál.
Lagður fram tölvupóstur frá Ólafi Guðmundssyni dags. 27.01.'10 um að bannað verði að leggja ökutækjum í Hafnargötu.
Nefndin leggur til að bannað verði að stöðva og leggja við Hafnargötu.
6. Skýrsla um umferðarhraða.
Lögð fram skýrsla frá Ólafi Guðmundssyni yfirlögregluþjóni um niðurstöður á mælingum á umferðarhraða í Stykkishólmi sbr. bréf dags. 9.02. 2010.

Niðurstöður lagðar fram og kynntar.

Helgi situr hjá vegna tengsla undir lið nr. 7.

7. Framkvæmdaleyfi OR vegna hita- og vatnsveitulagna.
Indriði Indriðason sækir um f.h. Orkuveitu Reykjavíkur framkvæmdaleyfi til að leggja heita- og kaldavatslagnir milli Hjallatanga og Hamraenda eftir reiðstíg, sbr. yfirlitsmynd dags. 12.02.2010. Framkvæmdatími er áætlaður á árinu 2010.
Erindi samþykkt.
8. Hesthúsahverfi, drög að samþykkt fyrir Hesteigendafélag Stykkishólms.
Lögð fram drög að endurskoðaðri samþykkt um hesthúsabyggðina Fákaborg að beiðni Lárusar Ástmars Hannessonar.
Erindi frestað.
9. Önnur mál.

BV